



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 27. mars 2020

R20030070

13730

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um afturköllun umsagnarbeiðni mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til aðgengis- og samráðsnefndar***

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 27. febrúar 2020, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins :

Flokkur fólksins spyr af hverju umsagnarbeiðni mannréttindaskrifstofu til aðgengis- og samráðsnefndar um fyrirspurn Flokks fólksins hafi verið afturkölluð? Fyrirspurnin var um hvort borgin ætli ekki að virða ákvæði nýrra umferðarlaga og hvort ekki standi til að opna lokaðar göngugötur fyrir þeim bílum sem hafa heimildarkvæði samkvæmt umferðarlögunum að aka göngugötur og leggja þar. Um er að ræða nýmæli sem er undantekning frá akstursbanni um göngugötur.

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við fyrirspurn:

Umsagnarbeiðni um óhindrað aðgengi fatlaðs fólks um göngugötur í miðborginni, til aðgengis- og samráðsnefndar um málefni fatlaðs fólks, var afturkölluð þar sem verkefnið snýr að verksviði umhverfis- og skipulagssviðs. Umsagnarbeiðni var því réttilega vísað þangað á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, sbr. 17. lið fundargerðar þann 13. febrúar 2020 .

Virðingarfyllst

Elísabet Pétursdóttir